

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/1086****2018/EES/7/15****frá 19. júní 2017**

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 634/2007 að því er varðar lýsingu á eiginleikum selenmeþíóníns sem er framleitt með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R397 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Selenmeþíónín, sem er framleitt með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R397, var leyft sem fóðuraukefni með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 634/2007 ⁽²⁾, eins og henni var breytt með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 427/2013 ⁽³⁾.
- 2) Framkvæmdastjórninni barst umsókn með beiðni um breytingu á skilmálum leyfisins að því er varðar lýsingu á eiginleikum fóðuraukefnisins. Umsókninni fylgdu viðeigandi gögn henni til stuðnings. Framkvæmdastjórnin framsendi umsóknina til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin). Umsækjandinn fór þess upphaflega á leit að innihald selensysteíns yrði haft með í lýsingunni á eiginleikum aukefnisins en dró að lokum þá breytingu til baka; því varðar umsóknin einungis aukningu á hámarksinnihaldi selens í núgildandi leyfi fyrir aukefninu.
- 3) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í álit sínu frá 20. október 2016 ⁽⁴⁾ að umbeðin breyting myndi ekki hafa áhrif á öryggi og verkun vörunnar og minnti á áhættu, að því er varðar öryggi notenda, í tengslum við vöruna. Gerðin um núgildandi leyfi inniheldur ákvæði þar sem tekið er á þessari áhættu á fullnægjandi hátt.
- 4) Mat á breyttu efnablöndunni sýnir að hún uppfyllir skilyrðin fyrir leyfinu sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 5) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 634/2007 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 634/2007

Í stað textans milli fyrirsagnarinnar „Lýsing á eiginleikum aukefnisins“ og fyrirsagnarinnar „Greiningaraðferð“ í fjórða dálki viðaukans við reglugerð (EB) nr. 634/2007 komi eftirfarandi:

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútð. ESB L 156, 20.6.2017, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 213/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjútð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 634/2007 frá 7. júní 2007 um að leyfa selenmetíónín, framleitt með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R397, sem aukefni í fóðri (Stjútð. ESB L 146, 8.6.2007, bls. 14).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 427/2013 frá 8. maí 2013 um leyfi fyrir selenmeþíóníni, framleiddu með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R646, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1750/2006, (EB) nr. 634/2007 og (EB) nr. 900/2009 að því er varðar hámarksviðbót selenauðgaðs gers (Stjútð. ESB L 127, 9.5.2013, bls. 20).

(4) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2016 14(11), 4624.

„Liffrænt selen, aðallega selenmeþíónín (63%) sem inniheldur 2 000–3 500 mg Se/kg (97–99% af lifrænu seleni)“.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. júní 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
